

Ágætu læknanemar

Á undanförunum árum hefur allnokkur fjöldi íslenskra nema sem stunda nám í læknisfræði við erlenda háskóla sótt um verknám í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum á kvennadeild Landspítala. Flestir umsækjendur hafa komist að og gott orð hefur farið af náminu. Umsóknum hefur nú fjölgað mikið og er enn mikilvægara en áður að umsóknarferlið sé vel skilgreint og gagnsætt.

Um er að ræða tvö tímabil ár hvert, 3 vikur í janúar og ca. 10 vikur á sumrin.

Umsóknir og afgreiðsla þeirra:

- Umsóknir um verknám að sumri verða metnar í janúar ár hvert. Þær þurfa að berast í síðasta lagi 31. desember.
- Umsóknir um verknám í janúar verða metnar í júní ár hvert. Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi 31. maí.
- Umsóknum skal skilað í tölvupósti til Hildar Gísladóttur læknafróðs (hildurg@landspitali.is) með afriti til Jóhönnu Gunnarsdóttur, sérfræðilækni, (johagunn@landspitali.is)

A Senda þarf útfyllta „Umsókn um verknám“ og þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

- a) Tímabil sem sótt er um (upphafs og lokadagsetningar); minnst 2 vikur.
- b) Hve langt viðkomandi er kominn í námi.

B Einnig þarf að senda staðfestingu um skólavist í heimaskólanum, þar sem fram kemur á hvaða ári nemi er í námi og hvenær gert er ráð fyrir að námi ljúki.

C Fleira þarf að senda samkvæmt leiðbeiningum í eftirfarandi hlekk, en **A** og **B** eru þau atriði sem tekið er tillit til við mat á umsóknum á kvennadeild.

Hlekkur á umsókn um verknám:

<https://www.landspitali.is/fagfolk/menntun/umsoknarferli-fyrir-islenska-nemendur-sem-eru-i-nami-vid-erlenda-haskola/>

Umsóknir sem berast eftir ofanskráðar dagsetningar verða eingöngu metnar hafi ekki öll pláss fyllst á umsóknartímanum.

Mat umsókna:

Við mat á umsóknum verður tekið tillit til eftirfarandi þátta:

1. Lengd verknáms (tímabils sem sótt er um). Umsóknir um lengri stöður hafa forgang og lágmarkstími er 2 vikur.
2. Staða náms; þeir nemar sem lengst eru komnir í námi hafa forgang.
3. Ef umsóknir eru metnar jafnar og pláss ekki næg verður hlutkesti varpað.
4. Meðmælabréf breytir ekki möguleikum á verknámsvist á kvennadeild, þótt það sé sent með.

Kröfur eru gerðar um fulla mætingu og þátttöku í starfi kvennadeildar og að nemar tilkynni veikindi og önnur forföll til umsjónarmanna námsins. Ekki er gert ráð fyrir að nemar stundi önnur störf samhliða verknáminu.

Verknám fer fram á öllum deildum kvennadeildar og fær hver nemi að vera á þeim öllum:

Fæðingavakt, oft 12 tíma vaktir
Meðgöngu- og sængurlegudeild
Göngudeild mæðraverndar
Fósturgreiningardeild (sónar)
Bráðaðþjónusta kvennadeilda (kvöldvaktir)
Kvenlækningadeild
Göngudeild kvensjúkdómalækninga
Bráðamóttaka kvensjúkdómalækninga
Skurðstofa

Hlekkur á rafræna kennslubók sem mælt er með á fæðinga- og kvensjúkdómakúrsi:

<https://www.sundhed.dk/sundhedsfaglig/opslag-og-vaerktoejer/laereboeger/obstetrics-gynecology/>

Með von um gjöfult nám og ánægjulegt samstarf
(sign)

Jóhanna Gunnarsdóttir, sérfræðilæknir,
Kvenna- og barnasvið Landspítala Hringbraut
IS -101 Reykjavík

e : johagunn@landspitali.is

s. +354 8633781